

SVÓT greining á landbúnaði í Langanesbyggð og Norðurþingi

Landbúnaðarháskóli Íslands

Egill Gautason

10. október 2024

Ágrip

Þessi skýrsla er unnin að beiðni Langanesbyggðar og Norðurþings. Markmið hennar er að taka utan um stöðu og þróun landbúnaðar á svæðinu í skjal sem gæti nýst sem verkfæri fyrir stefnumótunarvinnu í sveitarfélaginu, og í ýmsa vinnu sem varðar byggðapróun. Notast var við gögn frá Hagstofunni, Grólinð og Mælaborði landbúnaðarins auk viðtala við bændur og aðra á svæðinu sem tengjast landbúnaði.

Sauðfjárrækt er aðalgrein landbúnaðar á svæðinu. Frá árinu 2017 hefur verið verulegur samdráttur í sauðfjárbúskap og rekstrarskilyrði erfið. Sauðfé hefur frá árinu 2017 fækkað um 26% og sauðfjáreigendum fækkað um 22%. Nautgriparrækt er nær engin en hrossarrækt á nokkrum bæjum. Landbúnaðartengd ferðapjónusta er nokkur. Talsverðar tekjur eru af lax- og silungsveiði. Æðarrækt er talsvert stunduð, einkum á Melrakkaslétu. Skógrækt er nokkur en skilyrði til hennar eru best við Öxarfjörð. Garðyrkja er á örfáum bæjum.

Einn helsti styrkleiki svæðisins felst í miklu landrými til ræktunar og beitar. Svæðið er frá náttúrunnar hendi víða vel fallið til reksturs stórra sauðfjárbúa. Innviðir hafa batnað á síðustu árum. Þriggja fasa rafmagn er komið víða og ljósleiðari hefur verið lagður um svæðið. Helsti vandi landbúnaðar á svæðinu er lágar tekjur og erfiðleikar við nýliðun. Jarðaverð er hátt og fjármagn er dýrt. Skortur á fjármagni veldur því að fjárfesting í landbúnaði er lítil á svæðinu og landbúnaðurinn er einhæfur. Fámennið felur í sér erfiðleika, vöruverð er hátt og víða þarf að sækja þjónustu um langan veg. Tækifæri felast í aðgerðum til að auka framleiðni sauðfjárbúa með fjárfestingu í aðstöðu, lækkuðum sláturkostnaði, og aukinni menntun og fræðslu til bænda. Mikil tækifæri felast í aukinni landbúnaðar- og náttúrutengdri ferðamennsku á forsendum heimamanna. Önnur tækifæri má nefna í skógrækt og auknum holdanautabúskap. Helsta ógn við landbúnað á svæðin er að jarðir fari úr bændaeygn og þar með úr landbúnaðarnotkun.

Inngangur

Þessi skýrsla er unnin að beiðni Langanesbyggðar og Norðurþings. Markmið hennar er að taka utan um stöðu og þróun landbúnaðar á svæðinu í skjal sem gæti nýst sem verkfæri fyrir stefnumótunavinnu í sveitarfélaginu, og í ýmsa vinnu sem varðar byggðapróun, t.d. Sóknaráætlun landshlutanna og búvörusamninga. Gerð var SVÓT greining (styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri) á landbúnaði í sveitarfélaginu. Lagt var upp með að taka til skoðunar Norðurþing austan Tjörness, en það skiptir ekki meginmáli. Hér er fiskeldi ekki til umfjöllunar þó að landeldi geti talist landbúnaður. Tekin voru viðtöl við 15 manns og spurt út í veikleika, styrkleika, ógnanir og tækifæri í landbúnaði á svæðinu. Auk þess var unnið með gögn frá Hagstofunni, Grólinð og Mælaborði landbúnaðarins. Svalbarðshreppur sameinaðist Langanesbyggð undir nafni Langanesbyggðar árið 2022 en sumar tölur frá Mælaborði landbúnaðarins og Hagstofunni miða við gömlu sveitarfélagaskiptinguna.

Yfirlit um landbúnað á svæðinu

Sauðfjárrækt

Aðalgrein landbúnaðar á svæðinu er sauðfjárrækt. Íslensk sauðfjárrækt hefur glímt við afar hörð rekstrarskilyrði eftir hrap framleiðsluverðs 2016 sem hefur leitt til fækkunar sauðfjárbænda á landsvísu. Þrengingarnar í sauðfjárrækt hafa haft mikil áhrif á svæðið, þetta er helsta landbúnaðargreinin og vegna fábreyttra atvinnumöguleika er erfitt að sækja tekjur utan bús. Staðan í sauðfjárræktinni hefur heldur skánað allra síðustu ár með hækkun afurðaverðs auk þess sem mikilvæg aðföng hafa lækkað í verði.

Á svæðinu var 21.541 kind árið 2023, það er um 6% af öllu sauðfé í landinu. Fjöldi sauðfjár var nokkuð stöðugur á svæðinu til 2017 þegar algjört hrun tók við eins og sést á Mynd 1. Í Norðurþingi hafði fjöldi sauðfjár verið stöðugur frá upphafi 10. áratugar síðustu aldar. Í gamla Svalbarðshreppi er fjöldi sauðfjár sá minnsti sem hann hefur verið síðan 1998, en fyrir þann tíma var færri sauðfé í hreppnum en er í dag. Í Langanesbyggð blasir við algjört hrun, frá 1981 hefur aldrei verið eins fátt fé á svæðinu og er í dag. Á Langanesströnd eru aðeins tvö sauðfjárbú eftir, Miðfjarðarnes og Bakki. Í Töflu 1 sést fækkunin frá 2017.


Tafla 1. Fjöldi sauðfjár og sauðfjáreigenda í Langanesbyggð, Svalbarðshreppi og Norðurþingi (Mælaborð landbúnaðarins, 2024).

	2017	2023
<i>Fjöldi sauðfjár</i>		
Langanesbyggð	5.185	3.310
Svalbarðshreppur	7.541	6.279
Norðurþing	16.494	11.952
<i>Sauðfjáreigendur</i>		
Langanesbyggð	16	12
Svalbarðshreppur	18	16
Norðurþing	58	44

Fækkun sauðfjár í heildina er því um 26%, úr 29.220 í 21.541 og fækkun sauðfjáreigenda hefur verið 22%, úr 92 í 72, á einungis sex árum. Fækkun sauðfjár er umfram fækkun sauðfjáreigenda og því er meðalbúið 2023 minna en 2017, um 300 kindur. Þetta er meiri fækkun fjár en á landsvísu, sem er 22,5% á sama tímabili (Mælaborð landbúnaðarins, 2024). Þegar fé fækkar

dreifist færra fé iðulega yfir jafnstórt svæði og fjallskil verða erfiðari. Því gerir fækkun fjár búskapinn oft erfiðari fyrir þá bændur sem eftir eru. Mestur hluti svæðisins er í Norðausturhólfi sauðfjárveikivarna. Í nyrðri hluta hólsins, sem nær yfir mestan huta Norður-Þingeyjarsýslu, er sjúkdómastaða mjög góð og þar er eitt af fjórum líflambasölvsvæðum landsins. Árið 2023 var veitt leyfi til að selja 308 hrúta og 661 gimbrar af svæðinu (Mast, 2023).


Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson (2015) reiknuðu vægi sauðfjárræktar eftir svæðum á landinu. Samkvæmt greiningu þeirra eru bein störf við sauðfjárrækt um 9% allra starfa í Norður Þingeyjarsýslu, Bakkafirði og Vopnafirði. Þetta sýnir mikilvægi sauðfjárræktar á svæðinu. Þá eru ótalin afleiðd störf í m.a. slátrun, en sláturhús Fjallalambs er rekið á Kópaskeri, og annarri þjónustu í héraði.



Mynd 1. Sauðfé í Norðurþingi og Langanesbyggð frá 2017 til 2023 (Mælaborð landbúnaðarins, á.á).


Önnur kvikfjárrækt

Lítil nautgriparækt er á svæðinu. Í Norðurþingi hafa verið um 400 nautgripir frá árinu 2017, tæplega 200 kýr og kvígukálfar og um 30 holdakýr. Mjólkurkýrnar eru í Reykjahverfi, þ.e. vestan Tjörness. Búskapur með holdakýr er einungis á Hóli í Kelduhverfi. Engir nautgripir eru í Langanesbyggð og 10 nautgripir í Svalbarðshreppi 2023. Hrossarækt er á Gunnarsstöðum, Sauðanesi og Ytra-Álandi í Þistilfirði. Auk þess er blóðmerabúskapur á Ytra-Lóni, Presthólum og Brekknakoti, og hestaleigur á Bjarnastöðum í Öxarfirði, við Ásbyrgi og Hjarðarási. Hrossum í Norðurþingi hefur fækkað úr 617 í 491 með dálitlum sveiflum í fjölda hrossa. Í Langanesbyggð hafa hross verið um 200 á þessu árabili, og á bilinu 130 til 175 í Svalbarðshreppi. Geitum hefur fjölgað og voru 92 árið 2023. Í Gilhaga er stunduð geitamjólkurframleiðsla. Mynd 2 sýnir þróun í fjölda annars búfjár en sauðfjár á svæðinu síðan 2017.



Mynd 2. Fjöldi hrossa, nautgripa, alifugla og gæsa í Norðurþingi og Langanesbyggð (Mælaborð landbúnaðarins, 2024).

Mynd 3 sýnir fjölda virka búsnúmera, þ.e. bú sem skila haustskýrslum í Bústofn, sundurliðað eftir sveitarfélögum frá 2017 (Sigurður Eypórsson, tölvupóstur, 2. september 2024). Þar blasir við hraður samdráttur, úr 137 árið 2017 í 89 árið 2023.



Mynd 3. Virki búsnúmer í Norðurþingi og Langanesbyggð (Sigurður Eypórsson, tölvupóstur, 2. september 2024).

Annar landbúnaður

Annar landbúnaður er skógrækt, æðarrækt, önnur hlunnindi og garðyrkja. Lífrænar gulrætur eru ræktaðar af Akri Organic í Þistilfirði. Áður voru ræktaðar gulrætur að Akurseli á Austursandi í Öxarfirði. Jarðarberjarækt er stunduð í Sandfellshaga og á Katastöðum er kartöflurækt. Tölur um skógrækt á svæðinu frá aldamótum fengust frá Guðríði Baldvinsdóttur (Land og Skógur, tölvupóstur, 2. september 2024). Samningsbundnir hektarar við Land og Skóg eru 1.127 á 19 jörðum. Ekki er fullplantað í allt það svæði. Á 27 jörðum hefur skjólbeltum verið plantað. Samtals hefur um 1.860.000 skógarplöntum og 40.000 skjólbeltaplöntum verið plantað. Bestu ræktunaraðstæður til skógræktar á svæðinu eru í sveitunum við Öxarfjörð en síður á Melrakkasléttu, Þistilfirði og Langanesströnd. Hlunnindi eru af æðarvarpi, lax- og silungsveiði og rekaviði. Æðarrækt er á þremur bæjum á Langanesströnd, 10 bæjum á Langanesi og Þistilfirði, 13 á Melrakkasléttu, og á Lóni í Kelduhverfi (Æðarræktarfélag Íslands, á.á.). Þá er nokkuð um landbúnaðartengda ferðamennsku, t.d. á Ytra-Lóni á Langanesi, Hóli í Kelduhverfi og Holti í Þistilfirði. Talsverðar tekjur eru af lax- og silungsveiði. Fiskeldi hefur lengi verið stundað í

Norðurþingi og er burðarás í atvinnulífi svæðisins. Miklar fjárfestingar hafa verið í landeldi á svæðinu á síðustu árum.

Mannfjöldi og byggðapróun

Þann 1. janúar 2024 var 3081 íbúi í Norðurþingi og 540 í Langanesbyggð (Hagstofa Íslands, 2024a). Í sveitarfélögnum eru fimm byggðakjarnar, Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörður, en þar búa 2449, 117, 183, 345 og 55 manns (Hagstofa Íslands, 2024b). Að frádregnum íbúum þéttbýliskjarnanna fimm eru íbúar því 472 í dreifbýli í þessum sveitarfélögum. Íbúafjöldinn í dreifbýlinu hefur dregist saman frá 1998 um 25% í Norðurþingi og 29% í Langanesbyggð. Frá aldamótum hefur íbúum Langanesbyggðar, miðað við núverandi sveitarfélagaskipan, fækkað um 25%. Fólksfækkun er raunar meiri í byggðakjörnum þremur, Kópaskeri, Raufarhöfn og Bakkafirði heldur en utan þeirra, fækkað hefur um meira en helming á Bakkafirði og Raufarhöfn og 36% á Kópaskeri síðan 1998. Á Þórshöfn hefur fækkað um 22% frá 1998. Nú er landbúnaður nærri horfin af Langanesströnd. Árið 1973 voru rúmlega þrjú þúsund fjár og 16 kýr á Langanesströnd hjá 17 ábúendum (Eiríkur B. Eiríksson, 1974) en nú eru varla nema um 400 fjár.

Möguleikar lands

Flokkun landbúnaðarlands stendur yfir í Norðurþingi í tengslum við aðalskipulagsvinnu en er ekki hafin í Langanesbyggð. Efla verkfræðistofa flokkar landið í fjóra flokka, þar sem fyrsti flokkur er mjög gott ræktarland þar sem hitafar er hagstætt til akuryrkju (Sigmar Metúsalemsson, 2024). Annar flokkur er gott ræktarland með þokkalegu hitafari fyrir akuryrkju, vistgerð er heldur lakari til ræktunar en fyrsti flokkur og meiri líkur á grjóti eða að landið sé myrlent og hafi ekki verið framræst. Þriðji flokkur er sæmilegt ræktarland sem getur verið hentugt til beitar eða skógræktar en flatlandi svæði geta hentað til túnræktar. Fjórði flokkur er lélegt ræktarland. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum er flokkun samkvæmt Töflu 2.

Tafla 2. Flokkun landbúnaðarlands í Norðurþingi (Sigmar Metúsalemsson, 2024). Hér er ekki um endanlega niðurstöðu að ræða og ber því að taka tölunum með fyrirvara.

Landbúnaðarland	Hektarar
Flokkur I	355
Flokkur II	9.402
Flokkur III	109.104
Flokkur IV	255.677

Lítill hluti landsins flokkast sem gott eða mjög gott ræktarland en 109.104 hektarar flokkast sem sæmilegt ræktarland. Miðað við þessar tölur eru einhverjir möguleikar til akuryrkju í Norðurþingi en minni möguleikar eru í Langanesbyggð sökum hitafars. Hins vegar eru mörg þúsund og hugsanlega tug þúsundir hektara sem henta til túnræktar. Sambærileg flokkun hefur ekki farið fram í Langanesbyggð.

Til að nálgast frekari upplýsingar um ástand lands var notast við kortavefsjá Grólinnar (á.á). Þar er land flokkað í fimm ástandsflokkum. Flokkarnir byggja á upplýsingum um vistgerðarflokkun og jarðvegsrof. Flokkarnir eru frá 1 upp í 5 þar sem svæði með einkunnina 1 hafa litla virkni, lélegan vatnshag og mjög lítinn stöðugleika. Svæði með einkunn 5 hafa háa virkni, lítið rof og mikinn stöðugleika (Bryndís Marteinsdóttir o.fl., 2020). Þessi flokkun gefur ekki fullkomna mynd af hvort svæði henti til beitar þar sem það veltur á vistgerð og öðrum þáttum. Hins vegar gefur þessi flokkun ákveðna mynd af landrými svæðisins, ástandi gróðurs, og þar með möguleikum til

beitarnýtingar og ræktunar. Niðurstöðurnar eru í Töflu 3. Samtals eru 2670 km² í fjórða og fimmta flokki í Langanesbygg og Norðurþingi í þessum flokkum. Rétt er að taka fram að land er misjafnlega vel farið og 749 km² fá einkunnina 1. Á Langanesi er töluvert landsvæði í þriðja flokki, sem og í vestari hluta Þistilfjarðardeildar þar sem komið er að gosbeltinu. Fjallskilasvæði Kelduhverfinga er sérstaklega vel farið; svæðið er 382 km², þar af 339 km² í fjórða og fimmta flokki.

Tafla 3. Flokkun lands samkvæmt kortavefsja Grólinnar (á.á). Tölurnar eru í ferkílómetrum innan hvers flokks. Töflunni er skipt upp í fjallskilasvæði og heimalönd samkvæmt flokkun Grólinnar.

	1	2	3	4	5
<i>Langanesdeild eystri og vestri</i>					
<i>samtals</i>					
Fjallskil	188.47	15.76	293.57	609.25	50.03
Heimalönd	0.22	0.17	0.64	39.26	10.8
<i>Þistilfjarðardeild</i>					
Fjallskil	197.27	32.28	97.07	377.01	25.02
Heimalönd	4.74	15.56	9.44	181.73	15.55
<i>Norðurþing að undanskildu Reykjahverfi</i>					
Fjallskil	354.74	37.39	320.17	1083.72	125.48
Heimalönd	3.11	2.75	25.93	84.57	67.19
<i>Samtals</i>	748.55	103.91	746.82	2375.54	294.07

Hitastig ræður miklu um ræktunarmöguleika. Svæðið sem um ræðir, einkum Langanesbyggð og Melrakkaslétta, er með kaldari landbúnaðarsvæðum (Veðurstofa Íslands, á.á.). Því er svæðið heilt yfir fremur fallið til grasframleiðslu og beitar heldur en akuryrkju eða garðyrkju nema jarðhiti komi til. Sveitirnar við Öxarfjörð eru hlýrri en austari hluti svæðisins. Rétt er að benda á að hægt er að bæta ræktunaraðstæður umtalsvert með skjólskógum og skjólbeltarækt.

SVÓT greining

Styrkleikar eru þeir þættir svæðisins sem gefa svæðinu forskot á önnur. Veikleikar eru þeir þættir sem hamla landbúnaði á svæðinu. Tækifæri eru möguleikar á framförum á svæðinu, oft ytri þættir, og ógnir eru þeir þættir sem geta haft slæm áhrif á svæðið og valdið hnignun á svæðinu. SVÓT greiningin í Töflu 4 byggir á viðtölum og þeim gögnum sem vitnað er í að ofan.

Almenn atriði

Viðmælendur voru almennt frekar svartsýnir á stöðu landbúnaðarmála á svæðinu. Sérstaklega hafa menn áhyggjur af nýliðun og fækkun fólks, lágum tekjum, og erfiðri fjármögnun. Landbúnaður á svæðinu er einhæfur, sauðfjárræktin er langstærsta landbúnaðargreinin og það gerir landbúnað á svæðinu viðkvæman fyrir afkomubresti í sauðfjárrækt. Tækifæri í ýmis konar starfsemi voru nefnd en þau stranda einkum vegna vöntunar á fjármagni. Fyrir utan tekjuleysi og erfiða nýliðun nefndu bændur þætti sem einkenna svæðið í heildina; fámenni og viðvarandi fækkun, lítil þjónusta, erfiðar samgöngur og hátt vöruverð. Verulegir styrkleikar felast aftur á móti í bættum innviðum á síðustu árum, ljósleiðara og þriggja fasa rafmagni sem búið er að leggja víða, auk fjárfestingar í fiskeldi í Norðurþingi og uppsjávarvinnslu á Þórshöfn. Örugg nettenging skiptir sköpum til að efla möguleika á fjarvinnu, sem getur rennt frekari stoðum undir atvinnu á svæðinu. Þriggja fasa rafmagn er forsenda fyrir verulegri uppbyggingu í hvers kyns atvinnustarfsemi og nú er það komið víða á svæðið. Bændur hafa miklar áhyggjur af jarðaverði, uppkaupum á góðum bújörðum til annarra nota; sem sumarhús, til kolefnisbindingar eða jafnvel engra nota. Miklar áhyggjur eru einnig af jörðum sem skiptast milli margra eigenda, jafnvel tuga eða hundraða sem verða þar með ónothæfar til nokkurra nytja. Samdráttur í sauðfjárrækt hefur verið meiri á svæðinu en á landinu í heild og því má segja að þrengingar sauðfjárræktarinnar hafi ennþá meiri áhrif á þessa fámennu jaðarbyggð heldur en annars staðar þar sem byggð stendur sterkari fótum. Tækifæri bænda til að sækja sér aðra atvinnu eru einnig mun fábreyttari á þessu svæði en víða annars staðar og því er erfiðara að halda búskapnum gangandi með öðrum tekjum.

Mikið landrými og góðar grasnytjar einkenna svæðið. Líklega er svæðið í heild með þeim betri á landinu frá náttúrunnar hendi til sauðfjárræktar. Mikil menning er fyrir sauðfjárrækt á svæðinu með öflugum ræktunarbúum og töluverðri sölu líflamba. Þó að nýliðun sé erfið þá hefur orðið nokkur endurnýjun í bændastétt sem endurspeglar vilja ungs fólks til að búa á svæðinu. Svæðið vantar fjármagn og fólk til að framkvæma, nóg er af auðlindum og hugmyndum.

Tafla 4. Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri í landbúnaði á svæðinu.

Styrkleikar	Veikleikar
<ol style="list-style-type: none"> 1. Mikið landrými, vel farnir og víðáttumiklir beitarhagar. 2. Mikið ónýtt ræktarland. 3. Ljósleiðari víða lagður. 4. Þriggja fasa rafmagn um stóran hluta svæðisins 5. Uppbygging í fiskeldi hefur styrkt svæðið kringum Öxarfjörð. 6. Öflug sauðfjárræktarmenning og þekking. 7. Góð sjúkdómastaða í sauðfé. 8. Aðgengi að jarðhita. 9. Lambakjöt frá svæðinu er markaðssett sérstaklega. 10. Fiskveiði í ám og vötnum. 11. Mikið æðarvarp. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Litlar tekjur af sauðfjárrækt. 2. Bændur vantar fjármagn til framkvæmda og fjármagnskostnaður er hár. 3. Nýliðun í landbúnaði erfið vegna kostnaðar og lágra tekna. 4. Hátt jarðaverð. 5. Lítil fjárfesting í landbúnaði síðastliðin ár. 6. Einhæfur landbúnaður. 7. Fámenni. 8. Hátt vöruverð. 9. Svæðið er fremur kalt á landsvísu sem takmarkar ræktunarmöguleika. 10. Samgöngur eru erfiðar, bæði þjóðvegir og langar heimreiðar. 11. Langar vegalengdir til að sækja þjónustu.
Tækifæri	Ógnanir
<ol style="list-style-type: none"> 1. Hagræðing í slátrun til að lækka sláturkostnað. 2. Aukin náttúru- og landbúnaðartengd ferðamennska. 3. Aukin framleiðni hjá sauðfjárbændum með bættri aðstöðu og stærðarhagkvæmni. 4. Aukin menntun og fræðslustarf. 5. Uppbygging lítilla sláturhúsa með vinnslu og sölu beint frá býli. 6. Aukinn holdanautabúskapur og framleiðsla nautakjöts. 7. Aukin skógrækt og landgræðsla. 8. Aukinn virðisauki af æðarrækt. 9. Býlis- eða svæðistengdur stuðningur við landbúnað á svæðinu. 10. Samþætting sauðfjárbúskapar við skógrækt. 11. Kolefnisbinding (einkum við Öxarfjörð). 12. Störf án staðsetningar og fjarvinna. 13. Aukin markaðssetning svæðisins með tilliti til ferðamennsku. 14. Athugun á og efling lagalegrar stöðu leiguliða. 15. Kornrækt við Öxarfjörð. 16. Vindorkugarðar, ef hagsmuna heimamanna er gætt. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Jarðir fari úr bændaeign. 2. Bújarðir fari úr landbúnaðarnotkun eða jarðir skiptist milli margra eigenda. 3. Takmarkanir á beit sauðfjár geta ógnað grundvelli sauðfjárbúskapar. 4. Fjallskil verði erfiðari vegna fámennis 5. Erfið staða Fjallalamb og hugsanlegt tap á slátrun í héraðinu og vöruverki Fjallalamb. 6. Ferðamennska getur spillt svæðinu ef hún er ekki á forsendum heimamanna. 7. Vindorkugarðar eru ógn við fuglalíf og sérstöðu svæðisins. 8. Andstaða við blóðmerabúskap.

Sauðfjárrækt

Sauðfjorbændur hafa litlar tekjur og margir hafa hætt eða minnkað við sig. Nýliðun er afar erfið og jarðaverð of hátt. Lágur tekjur, hátt jarðaverð og mikill fjármagnskostnaður valda erfiðri nýliðun og líttilli fjárfestingu í búskapnum. Fámenni er farið að gera fjallskil erfið viðfangs. Til að auka tekjur í sauðfjárrækt er hugsanlegt að hagræðing í slátrun á landsvísu geti lækkað sláturkostnað og þar með hækkað verð til bænda. Önnur leið er að bændur taki sjálfir til sín stærri hluta virðisbæturinnar með uppbyggingu eigin sláturhúsa með vinnslu og sölu beint frá býli. Þetta þarf ekki að útiloka hvort annað en ekki geta verið sláturhús á hverjum bæ. Vörumerki Fjallalambs er í þessu samhengi hugsanlega mjög verðmætt og mikilvægt að halda því til að geta byggt áfram á því markaðsstarfi, þar sem meðal annars er lögð áhersla á gott ástand afrétta á svæðinu. Þó að landrými sé mikið þá er ekki gefið mál að bændur geti nýtt nema hluta þess lands. Mjög misjafnt er hversu mikið beitiland bændur eigi sjálfir, hvort þeir reiði sig á land í eigu annarra, með eða án beinna samninga, eða eigi beitarrétt á afréttum. Fyrir hagkvæman sauðfjorbúskap skiptir aðgengi að góðu beitilandi gríðarmiklu máli.

Einn helsti vandi landbúnaðar á svæðinu er tekjuleysi. Samkvæmt greiningu Daða Más Kristóferssonar og Jóhannesar Sveinbjörnssonar (2021) er verulegur munur í framlegð milli hæsta og lægsta þriðjungs sauðfjorbúa. Vafalaust eru tækifæri til að hagræða í rekstri sauðfjorbænda og ná betri afurðum með minna vinnuframlagi. Mikið landrými og góðir afréttir gefa færi á uppbyggingu stórra sauðfjorbúa. Þó að stærðarhagkvæmni sé almennt minni í landbúnaði en öðrum greinum, þá er hún samt nokkur. Víða er sauðfjárrækt stunduð í byggingum sem reistar voru þegar vinnulag í sauðfjárrækt var allt annað með tilliti til gjafa og hirðingar. Með fjárfestingu í nýrri tækni er vafalaust hægt að auka framleiðni. Til að hægt sé að reka stór fjorbú þarf bæði mikið ræktarland og beitiland, sem mikið er af á svæðinu. Helstu styrkleikar svæðisins eru einmitt landrýmið og mikil sauðfjorbmenning. Til að koma upp slíkum búum þarf fjármagn, framtíðarsýn og vel menntaða bændur. Aukin menntun og fræðslustarf gæti ýtt undir uppbyggingu og rekstur öflugra sauðfjorbúa á bestu bújörðunum.

Jarðamál

Ein mesta ógn við landbúnað á svæðinu er að mati bænda að góðar bújarðir séu nýttar til annarra hluta. Erfitt getur reynst að byggja slíkar jarðir upp aftur. Vandamál við nýliðun brenna mjög á bændum, fjármagnskostnaður er allt of mikill fyrir yngri bændur sem þurfa að skuldsetja sig mikið með litlar tekjur. Hér gætu sveitarfélögin hugsanlega markað sér stefnu um stuðning við nýliðun í bændastétt. Þá mætti sérstaklega skoða hvað þau geta gert til að efla búskap og búsetu á jörðum í eigu sveitarfélaga, ríkis og kirkju, og rétt leiguliða.

Nokkuð margar jarðir á svæðinu hafa farið úr bændaeign en það hefur ekki hamlað landbúnaði í öllum tilvikum. Til að mynda er mikil uppbygging í sauðfjárrækt á Daðastöðum og öflugur landbúnaður á Hallgilsstöðum þó að jarðirnar séu ekki í bændaeign. Þar sem fjármagn er mjög dýrt og bændur vantar sárlega fjármagn geta verið kostir fyrir bændur að vera leiguliðar. Hins vegar dregur það óhjákvæmilega mjög úr fyrirsjáanleika til lengri tíma, og hamlar uppbyggingu ef eigandinn hefur ekki framtíðarsýn um uppbyggingu landbúnaðar. Hugsanlega er ástæða til að skoða lagalega stöðu bænda á leigujörðum og hvort sveitarfélög og stjórnvöld geti eitthvað gert til að efla réttindi slíkra ábúenda.

Skógrækt

Tækifæri eru til að auka skógrækt en langan tíma tekur frá því að skógi er plantað þangað til tekjur fást af honum. Tækifæri eru kolefnisbindingu í skógrækt en vöntun á fjármagni og óvissa um tekjur hamlar slíku framtaki meðal bænda. Landrými og aðstæður til skógræktar eru ágætari í sveitunum við Öxarfjörð en síðri á austari hluta svæðisins. Á kaldari svæðum verður minni binding og því eru önnur svæði á landinu hentugri. Þeir skógarbændur sem rætt var við töldu tækifæri í skógrækt en óljóst með tekjurnar af skóginum, þær koma seint og ekki virðist mikið að græða fyrir bændur í kolefnisbindingarverkefnum sem stendur. Samþætting sauðfjárbúskapar og bændaskógræktar gæti aukið framleiðni sauðfjárbúa, t.d. með beitarskógrækt og skjólbeltarækt.

Annar landbúnaður

Eini holdanautabóndi svæðisins taldi möguleika í búskap með holdagripum og hugsanlega holdablendinga. Flutningur á nautgripum yfir sauðfjárveikivarnarlínur er ekki leyfissskyldur en nauðsynlegt er að rannsaka heilbrigði þeirra (MAST, á.á.). Aðalvarnarlínur eru yfir Jökulsá á Fjöllum og Skjálfandafljót. Líklegt er að í framtíðinni aukist framboð af holdablendingum frá mjólkurframleiðendum. Þar gætu verið sóknarfæri til að renna fleiri stoðum undir landbúnað svæðisins þar sem nægt beiti- og ræktarland er fyrir hendi. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur undanfarin ár unnið að bættu skýrsluhaldi og þjónustu við holdanautabændur auk þess sem nýtt erfðafni af holdakynjum getur aukið framleiðni mikið. Hrossarækt á svæðinu stendur fyrir þrífum erfiðar samgöngur og langar vegalengdir, til að mynda er langt að sækja kynbótasýningar og stóðhesta. Í æðarrækt eru tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar með því að fullvinna dún og selja beint til ferðamanna eða á netinu. Verð á dúni hefur hækkað undanfarin ár með aukinni eftirspurn eftir æðardúnsængum. Tækifæri eru til að samvinna æðarræktina við landbúnaðarferðamennsku þar sem framleiðslan er kynnt ferðamönnum og þeir geta keypt vöruna beint af bónda eða að minnsta kosti framleiðslu af svæðinu. Mikið og fjölbreytt fuglalíf getur verið stoð fyrir ferðamennsku á vegum bænda. Stjórnvöld hafa sett fjármuni til eflingar kornræktar. Á mestum hluta svæðisins eru skilyrði ekki ákjósanleg fyrir kornrækt. Við Öxarfjörð er þó töluvert ræktarland sem gæti hentað til akuryrkju. Til að rækta korn í stórum stíl skiptir miklu máli að til séu innviðir til að þurrka korn og geyma það, og aðgengi að markaði (Egill Gautason, Helgi Eyleifur Þorvaldsson, Hrannar Smári Hilmarsson, 2023). Verið er að byggja upp kornþurrkun á Húsavík sem gæti nýst hugsanlegri kornrækt við Öxarfjörð.

Orkumál og samgöngur

Jarðhiti er töluverður við Öxarfjörð og vafalaust tækifæri í nýtingu hans. Samkvæmt úttekt á stöðu hitaveitna (Steinunn Hauksdóttir o.fl. 2023) hefur Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs „ekki formlega stefnu eða framtíðarsýn“, og ekki er „fyrirliggjandi aukin eftirspurn eftir heitu vatni“ (bls. 105). Nú þegar þriggja fasa rafmagn er komið á mest allt svæðið eru loks komnar nýjar forsendur í atvinnurekstri. Vindorkugarðar gætu skemmt mjög fyrir landbúnaðarferðamennsku sem gerir út á ósnortna náttúru, mikið fuglalíf og kyrrð. Á hinn bóginn skapa þeir aðra atvinnu á svæðinu. Vegalengdir eru langar og oft langar og torfærar heimreiðar á bæi. Þetta hamlar landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og gerir búsetu í sveitum erfiða.

Landbúnaðarferðamennska

Margir bændur sjá tækifæri í ferðamennsku. Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í land- og ferðamálafræði, telur mikil tækifæri á svæðinu í svokölluðum „agri-tourism“, sem mætti kalla landbúnaðarferðamennsku (munleg heimild, 5. september 2024). Það er hverskyns landbúnaðarstarfsemi sem laðar gesti að bæjum, t.d. sala beint frá býli, gisting, útreiðar, veiðar

og annað. Sveitarfélögin og bændur á svæðinu geta mótað sér stefnu í ferðamennsku á svæðinu þannig að hún styðji við bændur og landbúnað og uppbygging sé á forsendum bænda og heimamanna. Tilhneiging er til þess að ferðamannaíðnaður breyti svæðum þannig að þau þróist á forsendum ferðamanna. Til lengri tíma lítið getur það dregið úr möguleikum svæðisins til frambúðar; svæðin laga sig að ferðamönnum, missa þar með sérkenni sín og verða óaðlaðandi sem aftur getur leitt til að ferðamennska dragist saman. Hér geta sveitarfélögin, bændur og heimamenn hugsanlega slegið tvær flugur í einu höggi, aukið stoðir búsetu á svæðinu með því að efla landbúnaðarferðamennsku á forsendum heimamanna. Þá þyrfti að gera út á menningu sveitanna, sérkenni búskapar á svæðinu og náttúru, bjóða ferðamönnum upp á meiri nánd við íslenska menningu og samfélag og fá þá til að vera lengur á hverju svæði. Vafalaust er styrkur í fámenninu og kyrrðinni. Ef illa er að málum staðið getur aukin ferðamennska í versta falli skaðað landbúnað frekar en eflt hann. Þjóðgarður á Langanesi gæti aukið tækifæri í ferðamennsku en heimamenn á Langanesi eru tortryggir gagnvart þeim áformum og hafa sínar ástæður. Afar mikilvægt er að tryggja völd og áhrif heimamanna við stofnun þjóðgarðs. Uppbygging vindorkugarða á svæðinu gæti spillt áformum um landbúnaðarferðamennsku sem gerir út á kyrrð og ósnortna náttúru.

Styrkir til landbúnaðar

Nokkrir viðmælendur nefndu að styrkjum til landbúnaðar mætti breyta í hreina búsetustyrki, býlis- eða svæðistengdan stuðning eða skattaafslætti. Þannig næðust betur markmið landbúnaðarstefnu um búsetu um land allt (Þingsályktun um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 nr. 21/153). Hér er rétt að athuga að framleiðslutengdur stuðningur við sauðfjárrækt gerir lítið til að efla byggð þegar sauðfjárræktin er horfin eins og á norðurhluta Melrakkasléttu og að mestu á Langanesströnd. Einnig þarf að hafa í huga að ef búin auka framleiðni með fækkun og stækkun bóa, þá fara styrkirnir til færri aðila. Það gæti verið góð þróun fyrir þá bændur sem eftir standa, en það gæti þrengt enn frekar að byggð á svæðinu. Hins vegar má færa rök fyrir að skynsamlegt sé að stuðningskerfið miði að því að byggja upp sauðfjárþú í öflugum rekstri sem gefa þokkalegar tekjur fyrir bændur og þeir þurfi síður að afla sér verulegra tekna utan bú. Hugsanlega væri best fyrir svæðið að farin sé blönduð leið býlis-, eða svæðisstuðnings og áframhaldandi framleiðslutengds stuðnings. Býlisstuðningur gæti hjálpað til að viðhalda byggð en annar stuðningur sé hugsaður til að byggja upp stöndugan og öflugan búskap. Vífill Karlsson o.fl. (2015) hafa bent á að ef markmið stjórnvalda sé að efla sauðfjárrækt í jaðarbyggðum sérstaklega, þá þyrfti að skilgreina landsvæði sem ættu að fá sérstakan stuðning. Þetta svæði hlýtur að vera eitt þeirra sem sterklega kæmu til greina í því tilliti, landbúnaður er einhæfur og lítið um aðra atvinnu.

Tillögur að aðgerðum

1. Sveitarfélögin og bændur á svæðinu marki sér stefnu í landbúnaðarferðamennsku. Svæðið setji sér stefnu um uppbyggingu ferðamennsku á forsendum heimamanna í bland við hefðbundinn búrekstur.
2. Sveitarfélögin þrýsti á um breytingar á búvörusamningum sem styrkja sauðfjárrækt í héruðum þar sem sauðfjárrækt er meginatvinnuvegur og landkostir miklir til sauðfjárræktar.
3. Sveitarfélögin aðstoði við nýliðun í landbúnaði, annars vegar með baráttu fyrir breytingum á búvörusamningum og umgjörð landbúnaðar, ekki síst með tilliti til nýliðunar. Hins vegar með aðgerðum í heimabyggð. Til að mynda með landbúnaðarnýtingu jarða í eigu sveitarfélaga, ríkis eða kirkju.

4. Efling menntunar og fræðslustarfs. Öflugra funda- og fræðslustarf gæti hjálpað til við að auka framleiðni í sauðfjarrækt og að efla aðrar búgreinar, til að mynda nautgripærækt og skógrækt. Aðgerðir til að auka menntun í búfræði og búvísindum á svæðinu, til dæmis með beinum styrkjum til búfræðimenntunar.

Heimildir

- Bryndís Marteinsdóttir, Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Guðmundur Halldórsson, Jóhann Helgi Stefánsson, Jóhann Þórsson, Kristín Svavarsdóttir, Magnús Þór Einarsson, Sigbrúður Jónsdóttir og Sigmundur Helgi Brink. (2020). Stöðumat á ástandi gróðurs og jarðvegsauðlinda Íslands. Aðferðafræði og faglegur bakgrunnur. *Rit Landgræðslunnar 1*. Landgræðslan.
- Egill Gautason, Helgi Eyleifur Þorvaldsson og Hrannar Smári Hilmarsson. (2023). *Bleikir Akrar – Aðgerðaáætlun um aukna kornrækt*. Rit LbhÍ nr. 162. Landbúnaðarháskóli Íslands.
- Eiríkur B. Eiríksson. (1974). Strönd – Skeggjastaðahreppur Norður-Múlasýslu. Í Ármann Halldórsson (ritstjóri). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (bls. 8-51). Búnaðarsamband Austurlands.
- Grólin. (á.á). *Kortavefsjá Grólinnar*. Sótt 30. ágúst 2024. <https://grolind.is/kortavefsja/>
- Hagstofa Íslands. (2024a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2024 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2024* [tafla]. <http://hagstofa.is/>
- Hagstofa Íslands. (2024b). *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 1998-2024* [tafla]. <http://hagstofa.is/>
- Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2015). *Samfélagsleg þýðing sauðfjárbúskapar*. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Mast (á.á.). *Flutningar og sjúkdómavarnir í nautgripum*. Sótt 4. september 2024 á <https://www.mast.is/is/baendur/nautgriparaekt/smitvarnir>
- Mast. (2023). *Flutningar og sjúkdómavarnir í sauðfé og geitum*. Sótt 6. september 2024 á <https://www.mast.is/is/baendur/saudfjarraekt/flutningar-sjukdomavarnir#liflambaflutningar-soluadilar-liflamba-og-geita>
- Mælaborð landbúnaðarins. (2024). *Bændur og búalið – búfé eftir árum*. Sótt 30. ágúst 2024 á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/maelaborð-landbunadarins->
- Sigmar Metúsalemsson. (2024). *Norðurþing – flokkun landbúnaðarlands 2024 – TILLAGA*. Efla Verkfræðistofa.
- Steinunn Hauksdóttir, Auður Agla Óladóttir, Bjarni Gautason, Finnbogi Óskarsson, Magnús Ólafsson, Sigurður G. Kristinsson. (2023). *Hitaveitur á Íslandi - Úttekt á stöðu hitaveitna og nýtingar jarðhitavatns til húshitunar*. Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/230430_URN_Hitaveitur_Web.pdf
- Veðurstofa Íslands. (á.á). *Meðalmánaðarhiti 1961-1990*. Sótt 3. september 2024. <https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/kort/manadarmedalhiti/>
- Vífill Karlsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Hjalti Jóhannesson og Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir. (2015). *Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings*. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Þingsályktun um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 nr. 21/153.

Æðarræktarfélag Íslands. (á.á.). *Kortagrunnur æðarvarps á Íslandi*. Sótt 4. september 2024 á <https://www.map.is/aedur/>